



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Drög að frumvarpi til laga um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og við endurnotkun á tryggingu.

Samráð hófst

18.11.2022

Samráði lauk

2.12.2022

Fjöldi umsagna

Ein umsögn var birt í Samráðsgátt stjórnvalda.

Umsagnaraðilar

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF).

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

SFF gerðu þá einu breytingartillögu að gildistöku fyrirhugaðs frumvarps yrði seinkað. Frumvarp til laga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, til innleiðingar á reglugerð ESB 2015/2365 (SFTR), var lagt fyrir Alþingi í desember 2022. Eins og greinir í umfjöllun um samráð (5. hluta greinargerðar með frumvarpinu) taldi ráðuneytið ekki ástæðu til að taka undir þessa athugasemd SFF með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningum og að tryggja bæri tímanlega innleiðingu. Bent var á að frumvarpið fæli ekki í sér flóknar eða umfangsmiklar nýjar skyldur íslenskra banka, einungis tilkynningarskyldu þeirra til viðskiptaskrár um fjármögnunarviðskipti með verðbréf.

Við þinglega meðferð frumvarpsins var hins vegar fallist á að fresta gildistöku til 1. janúar 2024, utan 2. og 3. tölul. 19. gr. er fólu í sér breytingar á öðrum lögum (þ.e. lögum nr. 55/2017 um skortsölu og skuldatryggingar og lögum nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum).

Skjal að loknu samráði

Frumvarp til laga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf ([\(pskj. 863 – 588. mál á 153. lögb.\)](#)). Það var samþykkt á Alþingi í maí 2023 sem [lög nr. 41/2023](#) um fjármögnunarviðskipti með verðbréf.